

REIKNINGUR
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2005.

Rekstrarreikningur.

| Tekjur | þús. kr. |
|---|-------------------|
| Framlag ríkissjóðs | 8.091.085 |
| Framlag sveitarfélaga | <u>4.475.001</u> |
| Tekjur alls | <u>12.566.086</u> |
| | |
| Framlög | |
| Bundin framlög | 879.725 |
| Sérstök framlög | 3.060.983 |
| Jöfnunarframlög | 4.051.937 |
| Jöfnunarframlög til grunnskóla | 4.389.925 |
| Stofnkostnaðarframlög | <u>200.000</u> |
| Framlög alls | 12.582.570 |
| | |
| Rekstrarkostnaður: | |
| Laun og launatengd gjöld | 5.018 |
| Annar rekstrarkostnaður | <u>31.080</u> |
| Rekstrarkostnaður samtals | 36.100 |
| Eignakaup | <u>81</u> |
| Framlög og gjöld alls | <u>12.618.751</u> |
| | |
| (Rekstrarhalli), rekstrarhagnaður | (52.665) |
| Hreinar fjármagnstekjur | <u>151.488</u> |
| Tekjuafgangur ársins | <u>98.823</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2005.

| Eignir | þús. kr. |
|-----------------------------|------------------|
| Veltufjármunir: | |
| Ríkissjóður | 349.513 |
| Áfallnar vaxtatekjur | 115.778 |
| Aðrar skammtímakröfur | <u>6.789</u> |
| Skammtímakröfur samtals | <u>472.080</u> |
| | |
| Handbært fé: | |
| Bankareikningar | <u>722.772</u> |
| | |
| Eignir alls | <u>1.194.852</u> |
| | |
| Skuldir og eigið fé | |
| Eigið fé: | |
| Höfuðstóll | <u>721.587</u> |

Skammtímaskuldir:

| | |
|---------------------------------------|----------------|
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 11.578 |
| Ógreidd framlög | 84.235 |
| Aðrar skammtímaskuldir | <u>377.452</u> |
| Skammtímaskuldir samtals | <u>473.265</u> |
| Skuldir samtals | <u>473.265</u> |

Skuldir og eigið fé alls 1.194.852

Sjóðstreymi.

Rekstrarhreyfingar:

| | |
|---|-----------------|
| <i>Veltufé frá rekstri:</i> | þús. kr. |
| Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikningi | <u>98.823</u> |
| Veltufé frá rekstri | 98.823 |

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

| | |
|---|-------------------|
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun | (22.544) |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun | (<u>19.692</u>) |
| | (42.236) |

Handbært fé frá rekstri 56.587

Fjármögnunarhreyfingar:

Breyting á stöðu við ríkissjóð:

| | |
|----------------------------|------------------|
| Framlag ríkissjóðs | (8.091.085) |
| Greitt úr ríkissjóði | <u>7.951.276</u> |
| | (139.809) |

Hækkun (lækkun) á handbæru fé (83.222)

Handbært fé í ársbyrjun 805.994

Handbært fé í árslok 722.772

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-16. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Nr. 927/2006

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án anmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 31. ágúst 2006.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2005 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 98.823 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2005 var 721.587 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2005 með áritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2006.

Magnús Stefánsson
félagsmálaráðherra.

Herdís Sæmundardóttir,
formaður ráðgjafarnefndar.